



GREINARGERÐ

INNGANGUR

Deiliskipulagið nær til verslunar- og þjónustusvæðis á lóð með landnúmer 213047 sem er í Hrífunesi í Skaftárhreppi. Heildarstærð deiliskipulagssvæðisins er 3.500 m². Deiliskipulagið tekur til íbúðarhúss, ferðapjónustuhúsa og bílastæða.

Í aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022 er svæðið skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði, V2 sem er 19 ha og er ætlað fyrir veitingaþjónusta og bændagistingu. Deiliskipulagið nær aðeins til hluta þess svæðis en ekki hefur verið skilgreind önnur ferðapjónusta innan þess.

FORNMINJAR

Ekki hefur farið fram fornminjaskráning á deiliskipulagssvæðinu en svæðið er á gömlu túni. Samkvæmt lögum nr. 80/2012 um menningarminjar eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar. Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar spilla, granda eða færa úr stað, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr).

DEILISKIPULAG

AÐKOMA OG BÍLASTÆÐI

Aðkoma að svæðinu er eftir núverandi heimtröð að Glacier View Guesthouse í Hrífunesi sem liggur af Þjóðvegi nr. 209, Hrífunesvegi.

Áætluð eru 15 bílastæði þar af 1 fyrir hreyfihamlaða.

ÍBÚÐARHÚS/MÓTTÖKUHÚS

Á byggingarreit B1 er núverandi íbúðar- og móttökuhús. Húsið er um 167 m² en verður leyfilegt að stækka það í 225 m².

Húsagerðir:

- Hús á 1 hæð.
- Byggt úr steinsteypu.
- Þakið er tvíhalla með 14°.
- Stærð 225 m².

FERÐAÞJÓNUSTUHÚS

Á byggingarreit B2 er gert ráð fyrir allt að 12 ferðapjónustuhúsum, staðsetning þeirra innan byggingarreits er frjáls.

Húsagerðir:

- Á einni hæð
- Úr timbri
- Með flötu þaki.
- Stærð þeirra verða 22,9 m² til 35 m².

RAFVEITA

Byggingar sem eru nýjar verða tengdar dreifikerfi Rarik.

VATNSVEITA


Byggingar er tengdar núverandi heimavatsveitu sem verður skv. reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn. Glacier View Guesthouse hefur starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands sem hefur verið endurnýjað. Vatnsbólið er fyrir utan deiliskipulagssvæðið en í endurskoðun aðalskipulags Skaftárhrepps sem nú er í vinnslu verður vatnsverndarsvæðið sýnt. Lagnir meðfram vegum og göngustígum.

FRÁVEITA

Frárennsli verður leitt rotþró í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitu. Núverandi rotþró er sýnd á deiliskipulagsupprætti og var hún staðsett í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Fráveita verður skv. reglugerð um nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, lagnir meðfram vegum og göngustígum.

UMHVERFISÁHRIF

Umhverfisáhrif skipulagstillögunnar eru óveruleg þar sem um er að ræða frekari uppbyggingu innan núverandi ferðapjónustulóðar. Deiliskipulagssvæðið er á gömlu túni og segja má að framkvæmdin hafi jákvæð sjónræn áhrif þar sem gengið verður betur frá lóðinni.



Aðalskipulag Skaftárhrepps 2010-2022.

Skýringar

- Deiliskipulagsmörk / Lóðarmörk
- Byggingareitir
- Göngustígar
- Vegur
- Bílastæði f. fatlaða
- Px Fjöldi bílastæði
- Rotþró
- Hleðsla
- Núv. byggingar
- Byggingar til skýringar
- Raflína


Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í skipulags- og byggingarnefnd Skaftárhrepps þann _____ 201__ og í sveitarstjórn Skaftárhrepps þann _____ 201__.

Tillagan var auglýst frá _____ 2016 með athugasemdafresti til _____ 2016.


Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 201__.



SNÍÐ Í HLEÐSLU OG BÍLASTÆÐI, bílar faldir með hleðslu.



SNÍÐ Í FERÐAÞJÓNUSTUHÚS (www.landshús.is).



SUÐLÆG HLÍÐ FERÐAÞJÓNUSTUHÚSS (www.landshús.is).

BR. DAGS. BREYTING REKN. TEKN.

HRÍFUNES - SKAFTÁRHREPPI

VERKGAFFI - HEIMLISFANG-SM



LANDMÓTUN • HAMRABORG 12 • 200 KÓPAVOGUR • Sími: 575 5300 • FAX: 554 5300 • NETFANG: landmotur@landmotur.is

DEILISKIPULAG FERÐAÞJÓNUSTU HRÍFUNES

DEILISKIPULAG - DEILISKIPULAGSUPPRÆTTUR

SKIPULAG: MÓ, AEK, AET
TEIKNAD: AET, MGJ, MO, LKO
SAMÞYKKT
KT

KVARDI: 500
VERNR: KÓPAVOGUR
8509-DV1602

dag: 15.05.2019
TEIKN. NR.
D01